

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefir á meðferð máls þessa, stafar af því í fyrsta lagi, að úrskurði þeim um eiðfesting vitna, sem kveðinn var upp í málinu hinn 21. okt. síðastl., var áfrýjað til hæstaréttar og kæru-málið dæmt í janúarlök þ. á., í öðru lagi sökum langvinnra og alvarlegra veikinda á heimili dómarsans og viðburða, sem í sambandi við þau stóðu og voru þess efnis, að dómarrinn fór þess á leit við málsaðilja að fá skipaðan sérstakan setudómara til þess að útkljá málið, en þeir færðust undan því.

Dráttur á uppkvaðningu dóms þessa stafar sumpart af dagsettum önnum dómarsans um og eftir síðustu mánaðamót, sumpart af lasleika hans nú undanfarið.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, skólanefnd Sauðanessskólahéraðs, skal vera sýkn af kröfum og kærum sækjandans, Þórðar Hjartarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. júní 1940.

Nr. 31/1940. Kristján Eggertsson

gegn

(Theódór B. Línal)

**Bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjar-  
sjóðs** (Jón Ásbjörnsson).

Um heimilisfang manns.

**Dómur hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaði úrskurður er uppkveðinn af Sigurði Eggerz, bæjarfógeta á Akureyri.

Áfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 26. apríl þ. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. s. m., krefst þess, að heimilisfang hans verði talið í Grímsey frá 1. október 1938 til upp-

kvaðningardags hins áfrýjaða úrskurðar, 31. október 1939. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með bréfi, dags. 11. september 1939, krafðist bæjarstjórn Akureyrar samkvæmt lögum nr. 95 frá 1936 úrskurðar lögreglustjórans á Akureyri um heimilisfang áfrýjanda frá 1. október 1938 að telja. Rannsókn var haldin í málinu í lögreglurétti þann 26. október 1939. Samkvæmt skýrslu áfrýjanda sjálfs fyrir lögregluréttinum hafði hann búið óslitið á Akureyri frá 1. október 1938 og ekki dvalizt í Grímsey á þessum tíma. Ágreiningslaust var enn fremur, að hann væri starfsmaður á skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri. Heimilisfang hans var því á Akureyri frá 1. október 1938 til 31. október 1939. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um heimilisfang áfrýjanda á ofan nefndu tímabili.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að atriði þau, sem ráða úrslitum máls þessa, voru játuð af áfrýjanda við réttarrannsóknina, og var því áfrýjun málsins tilefnislítill.

#### Því dæmist rétti vera:

Heimilisfang áfrýjanda, Kristjáns Eggertssonar, var á Akureyri frá 1. október 1938 til 31. október 1938 til 31. október 1939.

Áfrýjandi greiði stefnda, bæjarstjóra Akur-

eyrar f. h. bæjarsjóðs, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu 31. okt. 1939.

Kristján Eggertsson virðist halda því fram, að samkvæmt lögum megi hann sjálfur ákveða, hvar lögheimili hans sé, enda væri hann ekki með heimilisfangi sínu að koma sér undan sköttum, og fyrir því virðist hann hafa gert grein, að hann græði ekki á því, að því er skatta snertir, að heimilisfang hans sé talið í Grimsey, en það verður ekki litið svo á, að eingöngu ósk viðkomanda um, að heimilisfang hans sé á ákveðnum stað, ráði, heldur verður sú ósk og sá vilji að undirbyggjast af þeim staðreyndum, að heimilisfang hans raunverulega sé á staðnum, en þar sem Kristján Eggertsson viðurkennir, að hann hafi haft aðsetur á Akureyri síðan 1. október 1938, en dvalið aðeins  $\frac{1}{2}$  mánaðartíma í Grimsey sumarið 1938, og þar sem vitanlegt er, að aðalstarf hans er hér, þó hann gegni þýðingarmiklum störfum í Grimsey, þá verður, þrátt fyrir það þó hann segist hafa tekið sér heimili í Miðgördum í Grimsey og hafi herbergi þar, sem hann þó eigi greiddi húsaleigu fyrir og aldrei svo að segja býr í, að líta svo á, að lögheimili hans verði að telja hér á Akureyri frá 1. oktbr. 1938.

Kröfu bæjarstjórnar um, að rétturinn ákveði, hvort Kristján Eggertsson eigi að greiða útsvar á Akureyri eða í Grimsey árið 1939 heyrir ekki undir réttinn og ber því að vísa henni frá.

Þvi úrskurðast:

Lögheimili Kristjáns Eggertssonar er á Akureyri.

---